



Reykjavík, 13. maí 2020

R20050131

óm

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Tillaga Báru Katrínar Jóhannsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Árbæjar og Holta um aukna jafnréttisfræðslu fyrir börn og ungmenni

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 12. maí 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga Báru Katrínar Jóhannsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Árbæjar og Holta:

Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundaráði að sjá til þess að börn og ungmenni fái jafnréttisfræðslu við hæfi og að slík fræðsla fari fram í öllum skólum frá og með hausti 2020.

Greinargerð:

Ísland er fjölmenningarsamfélag. Í slíku samfélagi er ekki rými fyrir mismunun, hvort sem er vegna trúar, menningar, þjóðernis, kyns, kynþáttar, kynhneigðar eða annarra þátta.

Ungmennaráð Árbæjar og Holta fer fram á að Reykjavíkurborg sjái öllum ungmennum á aldrinum 12-16 ára fyrir viðeigandi jafnréttisfræðslu til að koma í veg fyrir það misrétti sem margir verða fyrir. Ýmis konar fræðsla er nú þegar til staðar en það þarf að sjá til þess að hún sé nýtt til að sprynda gegn þeim fordónum sem lifa í samfélagi okkar.

Samþykkt var að vísa tillöggunni til meðferðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs.

Athygli er vakin á því að **tillagan var ekki samþykkt á fundinum** og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdís Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælst til þess að tillagan verði afgreidd af mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.